

58. Bréf dómstjórinnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi um það, eptir hverri verðlagsskrá eigi að reikna vegabóttagjaldið. 1867.  
9. nóvember.

Í bréfi dagsettu 6. júnímán. f. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, beiðzt úrskurðar stjórnarráðsins útaf ágreiningi millum yðar og sýslumannsins í Rangárvallasýslu um það, hvort að eigi að reikna vegabóttagjald það, sem lögboðið er í tilskipuninni um vegina á Íslandi 15. marzmán. 1861 16. grein, eptir þeirri verðlagsskrá, sem er í gildi um það leyti, er hreppstjórnarnir eiga að semja og senda sýslumönnum nafnaskrár yfir alla verkfæra menn í hreppnum, eða eptir verðlagsskránni fyrir það árið, er gjaldið er heimtað saman á manntalsþingunum.

Nú er stjórnarráðið hefir skrifazt á við hina amtmennina um þetta málefni, skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þér kunngjörðið það, að gjald það, er hér ræðir um, ber að reikna eptir verðlagsskránni fyrir undanfarið ár.<sup>1</sup>

59. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptyfirvaldanna á Íslandi, um húsið handa bókasafni latínu-skólans í Reykjavík. 9. nóvember.

Með bréfi dagsettu 22. ágústmán. þ. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, og þér, háæruverðugi herra, sent hingað bæði eptirrit af skoðunargjörð, sem framfór 13. s. m., þá er bókahús það, sem byggt hefir verið fyrir gjöf Charles Kelsalls, var afhent yfirstjórn Reykjavíkur skóla, og reikning, 12 rd. 94 sk. að upphæð, fyrir að festa upp í tæðu bókahúsi minnisþjald það, er sent var með bréfi stjórnarráðsins 12. aprílmán. þ. á., og hafið þér farið þess á leit, að upphæð greinds reiknings verði borguð yður, og að manni þeim, sem þér hafið falið á hendur að hafa tilsjón með byggingu húss þessa, þorvaldi

<sup>1</sup>) Sama dag var hinum amtmönnum tilkynntur þessi úrskurður.